

Garðabær

b.t. Guðjón E. Friðriksson, bæjarritari

Undanfarna áratugi hefur Norrænafélagið í Garðabæ verið í vinabæjasamstarfi ásamt bæjaryfirvöldum við vinabæi okkar á Norðurlöndunum.

Garðabær hefur árlega veitt félaginu styrk vegna kostnaðar við þetta samstarf.

Í haust tók félagið á móti tónlistarfólki frá Eslöv, sem hélt tónleika í Vídalínskirkju.

Á bókasafnadeginum 6. feb. s.l. kynnti bókasafnið ásamt félaginu danska ferðabók .Sögusviðið er aðallega í Fljótshlíðinni. Sigurlín Sveinbjarnardóttir þýðandi bókarinnar sá um kynninguna. Félagið mun standa fyrir rútuféð í byrjun júní um þessar söguslóðir.

Grásleppukvöld verður 8. maí n.k. og trjáplöntun og umhirða í reit félagsins í Smalaholti um miðjan júní.

Í haust mun hefjast undirbúningur fyrir vinabæjamótið í Jakobstad, sem verður haldið sumarið 2016.

Líklegt er samkvæmt venju að senda þurfi fulltrúa á undirbúningsfund fyrir vinabæjamótið.

Fyrir hönd félagsins óska ég hér með eftir að bæjarsjóður veiti styrk að upphæð kr. 280.000 vegna ársins 2015.

11. mars, 2015

Hilmar Ingólfsson, formaður